

Fundur framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Þingeyinga bs. haldinn að Garðarsbraut 5 á Húsavík 11. mars 2019 kl. 13:15.

Fundinn sátu eftirtaldir framkvæmdastjórar aðildarsveitarfélaga HNP bs.; Aðalsteinn J. Halldórsson, Dagbjört Jónsdóttir, Elías Pétursson, Kristján Þór Magnússon, og Þorsteinn Gunnarsson. Einnig sátu fundinn Arnór Benónýsson oddviti Þingeyjarsveitar og Reinhard Reynisson framkvæmdastjóri HNP bs. sem ritaði fundargerð. Sigurður Þór Guðmundsson var fjarverandi og hafði ekki boðað forföll.

Formaður, Dagbjört Jónsdóttir setti fund og stjórnaði honum.

Á fundi gerðist þetta:

1. Viðræður við fulltrúa HSP um skipulag íþróttastarfs í héraði

Í framhaldi af erindi HSP sem tekið var fyrir á fundi framkvæmdastjórnar 1. október 2018 og á fundi fulltrúaráðs HSP bs. 31. okt. sl. og með vísan til bókunar framkvæmdastjórnar um málið 14. janúar sl. , eru fulltrúar HSP, Jónas Egilsson formaður og Gunnhildur Hinriksdóttir framkvæmdastjóri, mætt til fundarins.

Formaður reifaði þá umræðu sem átt hefur sér stað á vettvangi HNP bs., bæði innan framkvæmdastjórnar og fulltrúaráðsins, en megin inntak hennar hefur verið að nauðsynlegt sé að taka heildstæða nálgun á samstarf sveitarfélaganna og íþróttahreyfingarinnar í héraði sem taki m.a. til hlutverka einstakra íþróttafélaga og verkaskiptingar þeirra og héraðssambandsins.

Arnór Benónýsson fór yfir söguna en hann hefur lengi starfað innan hreyfingarinnar, bæði sem framkvæmdastjóri héraðssambands og sem formaður. Benti hann á að skipulagið byggir á íþróttalögum en að uppistöðu til er það byggt upp við allt aðrar samfélagastæður en eru í dag. Viðfangsefnið nú væri hvernig best yrði staðið að því að veita íbúum aðgang að faglegu íþróttastarfi, hvort sem væri almenningsíþróttir eða til keppni.

Í umræðum var farið yfir stöðu samstarfs einstakra sveitarfélaga við starfandi íþróttafélög á svæðinu og verkefni, m.a. á sviði almennrar heilsueflingar. Fram kom að nauðsynlegt væri að héraðssambandið tæki samtal við aðildarfélög sín um verkaskiptingu milli félaganna og sambandsins. Út frá niðurstöðum þess gætu sveitarfélögin svo markað stefnu um aðkomu að starfinu, en erfitt væri að koma að þátttöku í einstökum verkefnum á meðan heildarmyndin væri ekki skýrari.

Fram kom vilji af hendi framkvæmdastjórnarinnar að styðja héraðssambandið og aðildarfélög þess við að móta framtíðarskipulag íþróttastarfs í héraði. Var í því sambandi m.a. rætt að slík vinna gæti orðið að áhersluverkefni sóknaráætlunar landshlutans, verði sótt um slíkan styrk 2020.

Samþykkt að næstu skref í málinu verði samtal héraðssambandsins við aðildarfélögin og er stefnt að næsta fundi aðila fyrir sumarleyfi.

2. Skipan öldungaráða kv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og lögum um málefni aldraðra

Skv. 38 gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga skulu sveitarfélög sem samstarf hafa um öldrunarþjónustu, ásamt félögum eldri borgara á þjónustusvæðinu, koma sér saman um samsetningu öldungaráðs. Þegar hafa sjö einstaklingar verið skipaðir í öldungaráð í Norðurbíngi, þrír kosnir af sveitarstjórn, þrír tilnefndir af félagi eldri borgara og einn fulltrúi heilsugæslunnar. Samþykkt að leggja til við aðildarsveitarfélög HNP bs. að öldungaráð Norðurbíngs verði útvíkkað og taki til alls svæðisins. Hvert hinna sveitarfélaganna skipi einn fulltrúa í sameiginlegt öldungaráð og einn til vara. Jafnframt verði nógildandi erindisbréf öldungaráðsins aðlagð þeim breytingum.

3. Önnur mál

Ekkert var bókað undir þessum lið

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 14:58